

Kristín Björg Ólafsdóttir & Þórður Arason (2024), Flutningur á mæltreit Veðurstofunnar í Reykjavík: Samanburður mælinga, Öskudagsþing Veðurfræðifélagsins, Reykjavík, 14. febrúar 2024.

## Flutningur á mæltreit Veðurstofunnar í Reykjavík: Samanburður mælinga

Kristín Björg Ólafsdóttir & Þórður Arason, Veðurstofu Íslands

Veðurmælingar hafa verið framkvæmdar í mæltreit Veðurstofunnar við Bústaðaveg í Reykjavík í yfir hálfu öld. Vegna veðurfarsbreytinga og hlýnunar jarðar er mikilvægt að hrófla ekki við slíkum grunnmæltreitum. Hins vegar þóttu þessi rök léttvæg í samanburði við þörf á þéttingu byggðar og því undirrituðu fjármálaráðherra og borgarstjóri samkomulag, 2. júní 2017, sem fól í sér flutning mæltreitsins. Áður en athuganir voru formlega fluttar í nýja reitinn, 1. október 2023, voru gerðar samanburðarmælingar milli mæltreitanna. Samanburður stóð í tvö heil ár frá 1. júní 2021 til 31. maí 2023. Unnið er að úrvinnslu helstu veðurþátta og stefnt að útgáfu ítarlegrar skýrslu um hana. Í erindinu verða kynntar nokkrar niðurstöður samanburðarins. Lofthiti er svipaður milli mæltreita, sérstaklega eftir að kvörðunarvilla var lagfærð. Vindhraði er nokkru hærri í nýja reitnum. Þetta kemur fram í meðalvindhraða, hámarksvindhraða og vindhviðum. Vindátt er sambærileg, en sjá má að hindranir í nærumhverfi hafa áhrif, m.a. má sjá truflanir frá Veðurstofuhúsi. Úrkoma er svipuð milli mæltreita, munur milli reita er minni en munur milli mismunandi mæliaðferða innan sama reits. Snjódýpt er ögn minni í nýja reitnum, en hugsanlega fýkur snjórinn burt.